

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands,

kl. 11:00 miðvikudaginn 27. nóvember 2019

Mættir stjórnarmenn: Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Viggó Jónsson og Tómas Árdal varamaður. Arngrímur Arnarson, Sigurður Líndal og Þórdís Bjarnadóttir varamaður boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Áheyrnarfulltrúar: Axel Grettisson og Álfhildur Leifsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

1. Kynning á ACW og Diamond Circle

Christiane Stadler, Katrín Harðardóttir og Björn Reynisson verkefnastjórar MN héldu kynningu á verkefnum Arctic Coast Way og Diamond Circle.

Umræður um verkefnin og næstu skref í hvoru um sig. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju með verkefnin.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu fjármála hjá MN, en heildarniðurstaða er skv. áætlun.

3. Aðild að MN og sérverkefnum

Framkvæmdastjóri sagði frá að formleg ósk hefði borist frá Vopnafirði um að verða hluti af ACW. Umræður um mögulegar útfærslur á þátttöku Vopnafjarðar.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ræða við Vopnafirðinga um mögulega aðild að ACW.

4. Leyfismál

Umræður um viðbrögð MN vegna gruns um óleyfilega starfsemi ferðapjónustufyrirtækja. Ákveðið að ef að MN fær ábendingar eða grun um óleyfilega starfsemi, þá komi MN þeim ábendingum til Ferðamálastofu og/eða SAF þar sem unnið sé úr þeim.

5. Staða ferðapjónustunnar

Rætt almennt um stöðu ferðapjónustunnar á Norðurlandi þessa dagana. Fundarmenn sammála um að minna sé af ferðamönnum nú í haust og vetur en undanfarin ár og töluverðar lokanir framundan. Rætt um hvernig megi höfða til Asíumarkaðs – ljóst að vöxtur í ferðamennsku verði frá Asíu á næstu árum. Einnig rætt um mögulegar aðgerðir til að bregðast við þessari stöðu.

6. Áfangastaðastofur

Umræður um áfangastaðastofur og mismunandi tillögur um útfærslu á þeim. Fulltrúar Eyþings og SSNV gerðu grein fyrir að þessi mál hefðu verið rædd á vettvangi SSNV og Eyþings, en ekki væri búið að taka neinar ákvarðanir þar varðandi þessi mál.

Viggó tók til máls og lýsti undrun yfir því af hverju Ferðamálastofa og stjórnvöld væru að setja fram hugmyndir sem gengju gegn því starfi sem heimamenn væru að vinna. Ferðapjónustan og sveitarfélögin á Norðurlandi stæðu að baki MN og hefðu ákveðið að vinna á grundvelli MN alla markaðssetningu fyrir Norðurland sem heild. Hugmyndir um tvær áfangastaðastofur á Norðurlandi gengju gegn þeirri vinnu og þetta væri slæm umræða og einungis til að draga tennur úr markaðsstarfi á Norðurlandi.

Framkvæmdastjóri greindi frá að ekki lægi fyrir hvenær ákvörðun um áfangastaðastofur yrði tekin, en málið yrði áfram til umfjöllunar.

7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri boðaði stjórnarmenn á fund með ráðherra ferðamála 8. janúar 2020. Efni fundarins yrði umræður um um stöðu ferðapjónustunnar, áfangastaðaáætlanir og önnur mál sem brenna helst á MN.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:35

Fundarritari HPP